

Icelandbus all kind of bus ehf.

kt. 700807 1690

Eyravegi 51

800 Selfoss

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur almennra bifreiðaverkstæða, verkstæði fyrir þungavinnutæki, aðstöðu verktaka með þungavinnuvélar og annan skyldan rekstur.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.
- 1.3 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

2. Ásýnd lóðar og lóðarmörk

- 2.1 Fyrirtækið skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.
- 2.2 Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. bílhræ, bílhluti og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannafæri eða valdi slyshættu.
- 2.3 Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrífalegum.
- 2.3 Bifreiðum, sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði fyrirtækisins.

3. Mengunarvarnir

- 3.1 Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.
- 3.2 Hafa skal olúgildru á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olúur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingafulltrúa.
- 3.3 Halda skal notkun olúhreinisiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota sápuefni og/eða olúhreinsa sem hæfa olúgildrum.
- 3.4 Hafa skal reglubundið eftirlit með olúgildru og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.
- 3.5 Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur, olúur eða olúefni, fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag.
- 3.6 Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olúgildru.

4. Geymsla á olú og olúefnum

- 4.1 Eldsneytistankar og olúlagirnir þurfa samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits og skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi.
- 4.2 Díselolíutankur með afgreiðsludælu skal staðsettur á steypu plani með árekstursvörn og skulu niðurföll tengd olúgildru.

- 4.3 Staðsetja skal tanka og tunnur undir olúefni þ.m.t. úrgangsolíu í þróm eða lekabyttum innandyrna eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olúefni eru geymd utandyrna skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðiseftirlit samþykkir.

5. Spilliefni og annar úrgangur

- 5.1 Ópressaðar olúsíur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Þurrum, pressuðum olúsíum má skila með málmúrgangi.
- 5.2 Olíumenguðum jarðvegi ber að koma til viðurkenndra móttökuaðila.
- 5.3 Ganga skal frá olúsmituðum úrgangi þar til að hann er fluttur til förgunar að ekki sé hætt á mengun.
- 5.4 Rafgeymar teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndra móttökuaðila.
- 5.5 Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.
- 5.6 Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.

Selfossi, 11. október 2018
F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi